

Miðvikudaginn 8. apríl 1981.

Nr. 97/1978. **Pétur Pétursson**
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
 gegn
Jósafat Arngrímssyni
 (enginn).

Áfrýjun. Skuldamál. Útivist stefnda. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. apríl s. á. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var ekki sótt þing fyrir Hæstarétti, er málið var þar flutt, og engar kröfur gerðar.

Með vísun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
 Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júlí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. janúar 1975, á hendur Pétri Péturssyni stórkaupmanni, Suðurgötu 14 hér í borg.

Í stefnu gerði stefnandi þessar kröfur:

Aðallega, að stefnda yrði gert að afhenda sér 8 veðbréf, hvert að fjárhæð kr. 500.000, eða samtals kr. 8.000.000, sem öll væru út gefin af sér 18. júlí 1974 til handhafa, tryggð með 3ja samhliða veð- og uppfærslurétti í 3ju hæð fasteignarinnar nr. 31

við Hafnargötu í Keflavík, með gjalddögum 18. október 1974, 18. janúar 1975, 18. apríl 1975, 18. júlí 1975, 18. október 1975, 18. janúar 1976, 18. apríl 1976 og 18. júlí 1976, allt gegn afhendingu þeirra verðmæta, sem hann, stefnandi, hefði tekið við úr hendi Jóhanns Stefánssonar, Bústaðavegi 99 hér í borg.

Til vara, að stefnda yrði gert að greiða sér kr. 4.000.000 í fébætur með 17% ársvöxtum af þeim höfuðstól frá 18. júlí 1974 til greiðsludags, allt gegn afhendingu þeirra verðmæta, sem hann hefði tekið við úr hendi fyrrgreinds Jóhanns Stefánssonar.

Til þrautavara, að stefnda yrði gert að greiða sér kr. 1.510.000 í fjárhagslega uppreisn með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af þeim höfuðstól frá 18. júlí 1974 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krafðist stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Undir rekstri málsins hefur breyting verið gerð á dómkröfum stefnanda. Eru endanlegar dómkröfur hans þær, aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.660.000 með 17% ársvöxtum frá 18. júlí 1974 til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 783.280 með 17% ársvöxtum frá 18. júlí 1974 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Í stefnu er tildrögum málefnisins lýst þannig:

Hinn 18. júlí 1974 gaf stefnandi út veðbréf að fjárhæð kr. 4.000.000 til handhafa, og var það tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í 3. hæð fasteignarinnar nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík. Bréf þetta var mótttekið sama dag til innfærslu í veðmálabækur Keflavíkur og þinglesturs á næsta bæjarþingi. Veðbréf þetta skyldi greiða með jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti frá 18. júlí 1974 að telja, í fyrsta sinn 18. október 1974 og í síðasta sinn 18. júlí 1976, kr. 500.000 í hvert sinn. Vaxtakjör voru hæstu löglegir vextir af fasteignatryggðum lánum, talið frá útgáfudegi. Stefnandi mæltist til þess við Jóhann Stefánsson, Bústaðavegi 99 í Reykjavík, að hann reyndi fyrir sér sem erindreki sinn um sölu á veðbréfinu á frjálsum markaði. Í því skyni afhenti stefnandi Jóhanni endurrit veðbréfsins, til þess að hann gæti gert hugsanlegum kaupanda kunnugt, hvers kyns verðmæti væri um að tefla. Jóhann bauð stefnda veðbréfið

til kaups. Var stefndi til viðræðna um viðskiptin, en fór þess á leit við Jóhann, að hann hlutaðist til um, að bréfin yrðu átta að tölu, hvert að fjárhæð kr. 500.000, tryggð með samhliða 3. veðrétti og uppfærslurétti í framangreindum eignarhluta fasteignarinnar nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík, en að öðru leyti með sömu vaxtakjörum og greiðslukjörum og upphaflega veðbréfið. Stefnandi lét nú útbúa átta veðbréf í samræmi við þetta, og voru þau innfærð í veðmálabækur Keflavíkur 29. júlí 1974 til þinglesturs á næsta bæjarþingi, merkt Litra F-3- 205-212. Stefnandi heimilaði Jóhanni nú að leita fyrir sér um sölu þessara átta veðbréfa hjá stefnda, en setti Jóhanni jafnframt það skilyrði, að lágmarkssöluverð þeirra væri kr. 3.400.000 í reiðufé. Jafnframt var Jóhanni heimilt að greiða stefnda af væntanlegu söluverði bréfanna víxil að fjárhæð kr. 340.000, sem stefndi átti og stefnandi hafði samþykkt fyrir hönd h/f Kyndils sem prókúruhafi til greiðslu 20. júlí 1974. Hafði Jóhann því fulla heimild stefnanda til að ganga frá viðskiptum þessum með því móti að fá í reiðufé kr. 3.060.000 auk umrædds víxils. Um þessar mundir var stefndi veikur, en fyrir milligöngu Ragnars Ingólfssonar bárust þau boð frá stefnda, að ekki gæti orðið úr viðskiptunum, nema stefndi fengi í sínar hendur yfirlýsingu stefnanda þess efnis, að öll eldri og yngri viðskipti stefnanda og stefnda væru að fullu upp gerð, en jafnframt skyldi yfirlýsingin bera með sér, að Jóhann væri réttur eigandi umræddra veðbréfa. Var yfirlýsing með þessu efni síðan útbúin og undirrituð af stefnanda. Þriðjudaginn 13. ágúst hittust stefnandi, Jóhann Stefánsson og Ragnar Ingólfsson, og afhenti stefnandi Ragnari þá veðbréfin átta svo og framangreinda yfirlýsingu sem stefndi hafði áskilið. Ragnar muni nú hafa afhent stefnda veðbréfin og yfirlýsinguna. Eftir því sem næst verði komist muni Ragnar svo hafa gert upp við Jóhann í áföngum með þessum hætti:

1. Greitt að kvöldi 13. og 14. ágúst 1974 kr. 1.000.000
2. Greitt þann 15. ágúst 1974 kr. 450.000
3. Afhent Jóhanni Stefánssyni gjaldfallna víxla, sem Jóhann hafi svo afhent Jóni Guðmundssyni kr. 356.000
4. Afhent Jóhanni Stefánssyni áðurgreindan víxil, sem stefnandi hafði samþykkt f. h. Kyndils h/f. . kr. 340.000
5. Afhent Jóhanni Stefánssyni gjaldfallna víxla á verslunina Fríðu í Hafnarfirði kr. 130.720

6. Afhent Jóhanni Stefánssyni gjaldfallinn víxil á Sigurbjörgu Guðjónsdóttur	kr. 40.000
---	------------

Samtals kr. 2.316.720

Af peningum þeim, sem stefndi hafi afhent Ragnari Ingólfs-
syni sem endurgjald fyrir veðbréfin, muni enn vera í vörslum
Ragnars eða Arnar Clausen kr. 700.000 í reiðufé, sem ekki hafi
verið ráðstafað. Þá hafi Jóhann og lýst yfir, að stefndi eigi
ógreiddar kr. 200.000 af umsömdu endurgjaldi fyrir bréfin. Virð-
ist því heildarendurgjald, sem stefndi hafi í huga að greiða fyr-
ir bréfin, nema kr. 3.216.720, en afföll hafi átt að nema kr.
783.280. Er stefnandi hafi fengið vitneskju um, að Jóhann hafði
tekið við verulegum hluta af andvirði veðbréfanna heimildar-
laust og með allt öðrum hætti en um var samið, hafi hann feng-
ið Jóhann til að ganga til uppgjors. Hafi þá komið í ljós, að
Jóhann hafi misfarið með féð, ráðstafað því, sem hann hafði mót-
tekið af reiðufé, og afhent Jóni Guðmundssyni ýmsa gjaldfallna
vixla frá stefnda að fjárhæð kr. 356.000, að því er virðist, til
þess að Jón innheimti þá. Stefnandi hafi nú verið til neyddur að
freista uppgjors við Jóhann Stefánsson með einhverju móti, en
hann hafi þá ekki vitað, að Jóhann var með öllu ógjaldfær og
gjaldþrota. Hafi orðið úr, að stefnandi tæki við ávísunum, út-
gefnum af Lofti Baldvinssyni vegna einkafyrirtækis Jóhanns,
Árbæjarbúðarinnar, svo sem hér segir:

1. Ávísun, ritaða á Guðmund Malmquist	kr. 210.000
2. Ávísun, ritaða á Jón Ingólfsson	— 200.000
3. Ávísun, ritaða á Búnaðarbanka Íslands	— 74.779
4. Ávísun, ritaða á Útvegsbanka Íslands	— 476.949
5. Ávísun, ritaða á Álafoss h/f	— 100.000
6. Ávísun, ritaða á Eggert Kristjánsson	— 46.100
7. Ávísanir, dagsettar 1, 2 og 3 mánuði fram í tímann	— 1.212.967
8. Tvo víxla á verslunina Fríðu	— 130.720
9. Vixil á Sigurbjörgu Guðjónsdóttur	— 40.000
10. Vixil, samþykktan af stefnanda vegna Kyndils h/f	— 340.000
11. Ávísun, ritaða á Útvegsbanka Íslands í Keflavík, kr. 172.900 að frádregnum kr. 60.000	— 112.900

Samtals kr. 2.944.415

Víxla þá að fjárhæð kr. 356.000, sem Jón Guðmundsson hafði fengið, hafi stefnandi aldrei fengið í hendur. Um þær mundir, sem stefnandi fékk ávísanir Árbæjarbúðarinnar, hafi komist í hárnæli, að Jóhann Stefánsson væri orðinn gjaldprotta og hefði jafnframt framið allviðtæk tékkabrot. Hafi stefnandi því afhent sakadómi Reykjavíkur allar þær ávísanir, sem Loftur Baldvinsson hafði gefið út vegna Árbæjarbúðarinnar og hann hafi tekið við af Jóhanni.

Í marsmánuði 1974 hófst í sakadómi Gullbringusýslu rannsókn út af meintu tékkamisferli, og var stefnandi málsins einn hinna grunuðu. Kom þar fram, að stefnandi og Jóhann Stefánsson höfðu átt mikil viðskipti saman. Taldi stefnandi Jóhann skulda sér kr. 6.983.937, en Jóhann taldi skuldina geta numið kr. 6.000.000—7.000.000. Kvað stefnandi Jóhann hafa lofað að greiða skuldina að fullu og jafnframt skuldbundið sig til að úttega fé að láni, svo að hann, þ. e. stefnandi, fengi kr. 8.400.000, sem hann vantaði. Einnig skýrði stefnandi svo frá, að fyrir milli-göngu Jóhanns hefði Pétur Pétursson lánað sér kr. 4.700.000.

Í ágúst mánuði 1974 hóf rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsókn út af meintu tékkamisferli, og var Jóhann Stefánsson annar hinna grunuðu. Kom fram, að stefnandi og Jóhann höfðu átt viðskipti með tékka, sem ekki var til innstæða fyrir. Við rannsókn þessa skýrði stefnandi frá því, að upphaf viðskipta sinna við Jóhann með veðskuldabréf þau, sem fjallað er um í máli þessu, hafi verið það, að Jóhann hafi tekið að sér að selja fyrir sig átta skuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 500.000. Áður en hann afhenti Jóhanni bréfin, hafi Jóhann kynnt sér möguleika á sölu þeirra. Hafi hann svo skýrt sér frá því, að hann gæti selt þau öll fyrir kr. 3.400.000 og væri kaupandinn Pétur Pétursson, stefndi í máli þessu. Hafi Jóhann talið öll tormeiki á því, að hann, þ. e. stefnandi, gæti rætt beint við Pétur, sem væri lasinn, en auk þess vildi Pétur ekki blanda fleirum í málið. Bréfin hafi átt að greiðast þannig, kr. 1.200.000 í peningum, kr. 1.200.000 með ávísunum, er dagsettar væru fram í tímann þannig, að kr. 400.000 yrðu greiddar á mánuði, og kr. 1.000.00 (sic) hafi átt að greiðast með víxlum, sem samþykktir voru af ýmsum aðiljum, sumir víxlarnir gjaldfallnir, en aðrir ekki. Kvaðst stefnandi svo hafa afhent Jóhanni skuldabréfin hjá Ragnari Ingólfssyni að Ragnari viðstöddum. Stefnandi kvaðst einnig hafa látið Jóhann fá yfirlýsingu um, að hann, þ. e. Jóhann, ætti bréfin, en það hafi aðeins verið gert vegna þess, að stefndi hafi að öðrum kosti ekki

viljað kaupa bréfin. Í staðinn hafi hann fengið yfirlýsingu Jóhanns um það, að hann, þ. e. Jóhann, hefði í heimildarleysi ráðstafað bréfunum til stefnda og væri fallin úr gildi yfirlýsingin um, að Jóhann ætti bréfin. Kvaðst stefnandi hafa ætlað að hafa yfirlýsingu Jóhanns sem tryggingu fyrir því, að hann ráðstafaði ekki bréfunum eða andvirði þeirra á annan hátt en um var talað milli þeirra. Daginn eftir kvað hann svo Jóhann hafa átt að afhenda sér greiðsluna fyrir bréfin. Þegar að því kom, hafi Jóhann sagt sér, að hann gæti ekki afhent neitt af andvirði bréfanna. Hafi hann sagst vera í fjárþröng og hefði hann lagt það, sem hann fékk í reiðufé fyrir bréfin, inn á hlaupareikning. Stefnandi kvað sér hafa brugðið við þetta og sagt Jóhanni, að hann yrði að fá þetta fé. Hafi Jóhann þá boðist til að greiða þetta með ávísunum og hafi hann orðið að sætta sig við það. Kvað hann svo Jóhann hafa afhent sér níu víxla, samtals að fjárhæð kr. 866.720. Stefnandi kvaðst svo hafa látið Jóhann fá lista með nöfnum sex aðilja, sem hann, þ. e. stefnandi, skuldaði fé og var skuldbundinn til að greiða á tilteknum tíma. Þeir hafi svo hist ásamt Lofti Baldvinssyni og þá hafi verið ritaðar sex ávísanir til greiðslu á umræddum skuldum, samtals að fjárhæð kr. 1.107.828. Hafi þær verið dagsettar fram í tímenn. Hafi Jóhann lofað, að innstæða yrði til fyrir öllum ávísunum, þegar að gjalddögum kæmi. Mundi hann nota til þess peninga, sem hann ætti eftir að fá frá stefnda. Nokkrum dögum síðar kvaðst stefnandi svo hafa fengið aðrar sex ávísanir frá Jóhanni, sem allar hafi verið dagsettar fram í tímenn, og hafi Jóhann lofað, að innstæða yrði til fyrir þeim, þegar að gjalddögum þeirra kæmi. Þessar sex ávísanir kvaðst stefnandi hafa afhent Guðbjarti Pálssyni og beðið hann að reyna að útvega lán gegn ávísunum sem tryggingu. Áður en til þess kæmi, hafi komið í ljós, hvernig allt var í pottinn búið hjá Jóhanni.

Við fyrrgreinda rannsókn og hér fyrir dómi hefur Jóhann Stefánsson skýrt svo frá, að það samkomulag hafi orðið milli sín og stefnanda, að stefnandi gæfi út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 4.000.000 til tveggja ára með veði í húseign stefnanda í Keflavík. Hafi stefnandi átt að fá andvirði bréfsins. Kvað Jóhann stefnda hafa verið búinn að lofa að kaupa bréfið af sér. Er stefndi hafi spurt, hver ætti bréfið, kvaðst Jóhann hafa sagst eiga bréfið. Um leið og hann afhenti veðskuldabréfið, kvað Jóhann stefnanda hafa afhent sér yfirlýsingu um, að hann, þ. e. Jóhann, væri löglegur eigandi bréfsins, og hafi þetta eingöngu verið gert, til þess

að stefndi keypti bréfið. Í staðinn kvaðst Jóhann hafa afhent stefnanda yfirlýsingu um, að hann hefði tekið bréfið ófrjálsri hendi. Hafi það verið gert, af því að hann átti ekki bréfið, og hafi það átt að tryggja, að hann ráðstafaði ekki bréfinu öðruvísi en um var talað milli sín og stefnanda. Þegar til kom, kvað Jóhann stefnda hafa óskað eftir, að í stað eins veðskuldabréfs yrðu gefin út átta, hvert að fjárhæð kr. 500.000. Kvaðst Jóhann hafa verið búinn að láta þinglýsa veðskuldabréfinu að fjárhæð kr. 4.000.000, en hann hafi látið aflýsa því og afhent stefnanda það. Ekki hafi hann skilað stefnanda yfirlýsingunni um, að hann, Jóhann, væri löglegur eigandi bréfsins, og ekki hafi stefnandi skilað yfirlýsingunni um, að hann, Jóhann, hefði tekið bréfið ófrjálsri hendi. Jóhann kvað það svo hafa verið nokkrum dögum síðar sem hann og stefnandi hafi hist. Í viðurvist Ragnars Ingólfssonar hafi svo stefnandi afhent sér átta veðskuldabréf að fjárhæð kr. 500.000, ekki hafi þá verið gefnar neinar yfirlýsingar eða kvittanir. Jóhann kvað svo hafa verið um samið milli sín og stefnda, að stefndi greiddi honum fyrir bréfin kr. 2.200.000, en að öðru leyti hafi átt að greiða þau með víxlum, sem hann, Jóhann, hafði selt stefnanda og stefnandi og aðrir höfðu samþykkt. Hafi fjárhæð þeirra verið eitthvað á aðra milljón krónur. Það, sem á vantaði, hafi stefndi átt að fá í vexti, en þar hafi ekki verið um að ræða neina okurvexti. Jóhann kveðst svo hafa fengið frá stefnda kr. 1.000.000 7. ágúst. Hinn 14. ágúst hafi hann svo fengið kr. 450.000. Daginn eftir hafi Ragnar Ingólfsson sótt fyrir sig til stefnda kr. 550.000. Áður kvað hann stefnda hafa verið verið búinn að afhenda sér alla víxlana, sem hann átti að fá, en kr. 200.000 hafi hann ekki fengið greiddar.

Fyrir rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi keypt af Jóhanni Stefánssyni átta skuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 4.000.000, sem gefin hafi verið út af stefnanda í máli þessu, tryggð með veði í fasteign og hafi þau átt að greiðast eftir 1—3 ár. Kvaðst stefndi hafa beðið Ragnar Ingólfsson að sjá um, að bréfin væru löglega gefin út og að hann, stefndi, fengi yfirlýsingu um, að Jóhann Stefánsson væri löglegur eigandi bréfanna. Að fenginni þessari yfirlýsingu stefnanda kvaðst stefndi ekki hafa talið vafa á, að Jóhann væri löglegur handhafi bréfanna. Stefndi kvað nokkurn drátt hafa orðið á því, að gengið væri frá viðskiptunum, en endanlega hafi verið gengið frá þeim 7. ágúst. Stefndi kvað svo hafa verið um samið, að hann greiddi kr. 3.200.000 fyrir bréfin. Hafi andvirði

bréfanna átt að greiðast með víxlum, samtals að fjárhæð kr. 1.200.000, sem hann hafði áður keypt af Jóhanni Stefánssyni og Jóhann var ábyrgðarmaður á. Víxlar þessir hafi verið gjaldfallnir og hafi hann verið búinn að krefja Jóhann um greiðslu, en hann hafi ekki greitt, fyrir en samkomulag varð um kaupin á umræddum veðskuldabréfum. Kvað stefndi kröfurnar, sem hann átti á Jóhann, hafa verið aðalástæðuna til þess, að hann keypti umrædd veðskuldabréf. Auk víxla þessara kvaðst stefndi hafa greitt Jóhanni kr. 1.000.000 með ávísun og síðar hafi hann greitt honum kr. 45.000. Loks hafi Ragnar Ingólfsson tekið við kr. 550.000 fyrir hönd Jóhanns.

Við fyrrgreinda rannsókn og hér fyrir dómi hefur Ragnar Ingólfsson skýrt svo frá, að Jóhann Stefánsson hafi sagt sér sumarið 1974, að hann væri búinn að fá frá stefnanda fjögurra milljón króna skuldabréf, sem stefndi ætlaði að kaupa, og ætti hann, þ. e. Jóhann, að fá allt það fé, sem hann fengi frá stefnda fyrir bréfið. Stefndi hafi svo beðið sig um að útvega yfirlýsingu stefnanda þess efnis, að Jóhann Stefánsson væri eigandi skuldabréfsins, og hafi stefndi sett það sem skilyrði fyrir því, að hann keypti bréfið. Kvaðst Ragnar svo hafa búið út þessa yfirlýsingu og fengið hana Jóhanni, en hann muni hafa fengið stefnanda til að undirrita hana. Auk þess kvaðst Ragnar hafa útbúið aðra yfirlýsingu að beiðni stefnda, sem stefnandi hafi einnig átt að undirrita. Hafi hún verið þess efnis, að öllum fyrri viðskiptum stefnanda og stefnda væri lokið og ætti stefnandi engar kröfur á hendur stefnda. Hafi stefnandi undirritað þá yfirlýsingu í sinni viðurvist og afhent hana Jóhanni. Ragnar kvað stefnda nokkru síðar hafa beðið sig um að búa út átta skuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 500.000, og hafi hann jafnframt tekið við fjögurra milljóna skuldabréfinu frá stefnda. Ragnar kvaðst nú hafa haft samband við stefnanda, sem búið hafi þau út. Bréfin hafi svo verið afhent til þinglesturs, en hann, þ. e. Ragnar, hafi svo afhent Jóhanni bréfin. Ragnar kvaðst telja, að sökum annarra viðskipta hafi aðiljar málsins ekki ræðst við á þessum tíma.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ráðstöfun Jóhanns Stefánssonar á umræddum veðskuldabréfum hafi verið ógildur löggerningur, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1936. Jóhann Stefánsson hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem stefnandi hafi gefið honum í viðskiptum þeim, sem hér er fjallað um. Hafi athafnir ekki verið innan umboðs þess, sem stefnandi gaf honum, umboðið hafi ekki haft sjálfstæða tilveru gagnvart þriðja manni

og stefndi og Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson, sem kom fram fyrir hans hönd, hafi ekki verið grandalausir. Hafi stefnda og Ragnari Aðalsteini Ingólfssyni, sem kom fram fyrir hönd stefnda, verið kunnugt um heimildarskort Jóhanns til að taka við þeim hluta af andvirði bréfanna, sem hann fékk í hendur, eða að þeim hafi að minnsta kosti mátt vera kunnugt um hann. Hafi stefnda og Ragnari verið fullkomlega ljóst, að Jóhann hafi eingöngu komið fram til málamynda og að yfirlýsing sú, sem stefnandi afhenti Ragnari, hafi eingöngu verið gefin til málamynda. Þeir hafi því ekki getað byggt á henni að neinu leyti. Hafi stefndi gert tilkalla til yfirlýsingar stefnanda gegn betri vitund, eingöngu í því skyni að villa síðar um fyrir mönnum, ef þörf krefði. Hafi hverjum góðum og gegnum manni mátt vera ljós heimildarskortur Jóhanns. Samkvæmt og eins og hér hafi háttað til (sic) hafi Ragnari sem umbodsmanni stefnda verið skylt að gera upp við stefnanda andvirði veðskuldabréfanna, sbr. 38. gr. laga nr. 7/1936, eða að minnsta kosti láta stefnanda vita, hvenær uppgjörið færi fram. Það hafi þeir þó ekki gert. Þá er því og haldið fram, að stefnda og Ragnari hafi mátt vera kunnugt, að á þessum tíma hafi Jóhann Stefánsson verið orðinn gjaldþrota og því ekki bær að taka við neinu af andvirði bréfanna. Er aðalkrafa stefnanda byggð á því, að stefnda beri að bæta stefnanda verðgildi bréfanna eða að skila þeirri auðgun, sem hann hafi hlotið á kostnað stefnanda. Er því haldið fram, að sú réttarregla gildi að íslenskum lögum, að loforðsmóttakandi, sem veit eða má vita, að fyrir liggur ógildingarástæða, sem leitt getur til skilaskyldu, verði fébótaskyldur, hvort sem hann hefur framset selt verðmæti þau, sem hann tók við, neytt þeirra eða þau hafa farið forgörðum af ásetningi eða gáleysi. Varakrafa stefnda (sic) er byggð á því, að stefnda beri að skila stefnanda fjárhæð, sem nemi þeim ólöglegu vöxtum, sem hann hefur tekið við kaup bréfanna. Það sé frumregla íslensks réttar, að sé skuld tryggð með veði í fasteign eða með handveði, þá sé aðeins heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, sem Seðlabanki Íslands leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæst fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, sbr. auglýsingu um vexti við innlánsstofnanir frá 15. júlí 1974, og nemi ólöglega teknir vextir hér kr. 783.280.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að aðiljar málsins hafi ekki átt saman nein þau lögskipti, sem geti verið grundvöllur kröfugerðar stefnanda í málinu. Veðskuldabréf þau, sem krafa

stefnanda byggist á, hafi verið handhafabréf. Viðurkennt sé, að maður sá, sem seldi stefnda bréfin, Jóhann Stefánsson, hafi fengið þau hjá stefnanda með löglegum hætti í þeim tilgangi að selja þau. Jafnframt hafi stefnandi undirritað yfirlýsingu, sem dagsett sé sama dag og veðskuldabréfin, þess efnis, að Jóhann Stefánsson væri löglegur eigandi bréfanna. Hafi yfirlýsing þessi verið ætluð til að sýna væntanlegum kaupanda. Sé af þessu ljóst, að gagnvart stefnda hafi Jóhann Stefánsson haft fullkomlega löglega heimild að bréfunum og því hafi stefndi verið í góðri trú, er hann keypti þau af Jóhanni. Ekki skipti máli, þótt um hafi verið að ræða pro forma gjörning milli stefnanda og Jóhanns eða þótt umboð hans hafi að einhverju leyti verið takmarkað, því sú vitneskja hafi aðeins verið milli þeirra, en stefnda hafi með öllu verið ókunnugt um það. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi tekið okurvexti við kaup á skuldabréfunum, heldur hafi hann aðeins tekið hófleg afföll, svo sem tíðkist á almennum skuldabréfamarkaði og sé löglegt. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að farið hafi fram uppgjör milli stefnanda og Jóhanns Stefánssonar í sambandi við sölu veðskuldabréfanna. Því er mótmælt, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um gjaldþrot Jóhanns Stefánssonar.

Fyrir liggja tvær yfirlýsingar stefnanda. Önnur er dagsett 18. júlí 1974 og er svohljóðandi: „Ég undirritaður Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri Njarðvík lýsi hér með Jóhann Stefánsson, Bústaðavegi 99, Reykjavík eiganda að handhafaskuldabréfi útg. 18.7.1974 að upphæð kr. 4.000.000.00“. Hin yfirlýsingin, sem upphaflega hefur verið rituð 1. júlí 1974, en síðar dagsett 6. ágúst 1974, er svohljóðandi: „Ég undirritaður, Jósafat Arngrímsson, kaupmaður í Keflavík, lýsi því hér með yfir, að öll viðskipti mín við Pétur Pétursson, stórkaupmann í Reykjavík, fyrir dagsetningu yfirlýsingar þessarar, eru að fullu og öllu uppgerð og á ég engar kröfur á hendur Pétri vegna þeirra.“

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, var stefnandi raunverulega eigandi upphaflega veðskuldabréfsins að fjárhæð kr. 4.000.000. Hafði stefnandi falið Jóhanni að leita fyrir sér um sölu bréfsins. Fram er komið, að stefnandi og Jóhann Stefánsson höfðu áður átt mikil viðskipti saman, áður en atvik máls þessa gerðust, svo sem yfirlýsingar þeirra um skuld Jóhanns við stefnanda (sic). Einnig er fram komið, að stefndi og Jóhann höfðu áður átt viðskipti saman, sem ekki voru til lykta leidd. Þá hefur og komið fram undir rekstri málsins, að aðiljar hafi

áður átt viðskipti saman, sem liggja fyrir utan efni máls þessa. Hafa aðilar og Jóhann Stefánsson því verið nokkuð kunnugir fjárhagsstöðu og viðskiptaháttum hver annars. Þótt yfirlýsing stefnanda um, að Jóhann Stefánsson væri löglegur eigandi upphaflega veðskuldabréfsins, hafi samkvæmt efni sínu eingöngu tekið til þess, þá þykir mega leggja til grundvallar, að með því að ljá atbeina sinn til að gefa út átta bréf í stað upphaflega veðskuldabréfsins hafi það verið ætlun aðilja, að yfirlýsing stefnda tæki einnig til þeirra, enda er hún dagsett sama dag og bréfin voru gefin út. Þegar það er virt, að stefnandi tók þátt í að koma á umræddum viðskiptum með því að gefa ranga yfirlýsingu um rétt Jóhanns Stefánssonar til veðskuldabréfanna, þykir stefnandi ekki geta kafið stefnda um greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem hann hafði veitt Jóhanni heimild til að selja bréfin fyrir, eða meintra oftekinna vaxta og affalla á þeim grundvelli, að umboð Jóhanns og ráðstöfunarréttur með bréfin hans hafi verið takmarkaður. Verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar, að þessi yfirlýsing stefnanda hafi mátt veita stefnda þá trú, að hann væri að semja við Jóhann Stefánsson sem eiganda veðskuldabréfanna. Fram er komið, að með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 17. júlí 1974, hafi bú Jóhanns Stefánssonar verið tekið til gjaldþrotaskipta, og birtist auglýsing um það fyrst í Lögbirtingablaðinu 28. ágúst 1974. Er ósannað, að stefnda hafi verið kunnugt um gjaldþrot Jóhanns, er viðskiptin með veðskuldabréfin fóru fram.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir öllum atvikum málsins þykir hins vegar rétt að láta málskostnað falla niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Pétursson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jósafats Arngrímssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.
